

Nd.

49. Frumvarp til laga

[44. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1955, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 2. tölul. 3. gr. laganna bæiist nýr stafl., svo hljóðandi (verður c-liður):

Skjólbelti í ræktunarlöndum ... kr. 1000.00 pr. ha.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um, að veittur yrði styrkur til gróðursetningar skjólbelta í ræktunarlöndum, flutti fyrri flutningsmaður þessa frv. í Nd. 1953 og breytingartillögu sama efnis á síðasta þingi. Í hvorugt skiptið náði málið fram að ganga, og viðurkenndu þó þeir, sem lögðu gegn samþykkt þess, nauðsyn þess og nytsemi í ræðum sínum á Alþingi.

Það hefur stundum verið sagt um okkur Íslendinga, að við þorum ekki að hrinda af stað sjálfsögðum nýjungum í atvinnulífi landsins, fyrir en útlendir menn hafa bent okkur á nauðsyn þess að gera það.

Nú vill svo til, að danskur maður, að nafni I. C. Möller, hefur gefið sjóð einn gildan og hyggst auka hann enn frekar með gjöfum við andlát sitt. Af einstakri vinsemi og velvild í Íslands garð ákvað hann, að Ísland skyldi vera eitt þeirra þriggja landa, sem nytu styrkja úr sjóðnum, og þar að auki hljóta fyrsta styrkin, ef á Íslandi fyndist nokkurt það málefni, er vert væri að styrkja.

Fulltrúa Íslands í úthlutunarnefnd sjóðsins kom þá það helzt í hug, hvort það yrði ekki talið verðugt verkefni að styrkja Íslending til náms í að gróðursetja skjólbelti og hirða um þau. Og hinir erlendu menn, sem mynduðu meiri hluta úthlutunarnefndarinnar, féllust á, að þetta verkefni væri verðugt þess að hljóta styrk úr sjóðnum. Slíkan skilning báru hinir útlendu menn á nytsemi skjólbelta fyrir íslenzkan landbúnað, að þeir töldu ekki of mikið að veita 10 þúsund krónur danskar til að styrkja mann til náms í þessari grein. Manni verður ósjálfrátt hugsað til þess, hvað þeir hefðu gert, ef þeir hefðu vitað það, að meiri hluti Alþingis hefði engan áhuga sýnt þessu máli annan en þann að hafna því tvegis að veita smástyrk til að hvetja bændur og aðstoða við að hrinda skjólbeltaræktun í framkvæmd.

Flutningsmenn þessa frv. vænta þess nú, að sá mikli skilningur og aðstoð, sem velviljaðir útlendir menn hafa sýnt þessu málefni, nægi til þess að ýta svo við sanvitzku alþingismanna, að frv. nái fram að ganga, er það er flutt í þriðja sinn. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frv. um sama efni, er flutt var 1953.

Þó skal að gefnu tilefni úr þingræðum um þetta mál tekið fram, að flutningsmenn ætlast til, að styrkurinn sé veittur á hvern hektara af skjólbelti, en þeir ætlast ekki til, að styrkur sé í þessu sambandi veittur út á það land, sem skjólbeltið umlykur.